



Þingeyjarsveit
Anna Bragadóttir
Kjarna
650 LAUGAR
Iceland

Garðabær, 5.5.2025

Málsnúmer: 202503-0085

LA

Efni: Tillaga að deiliskipulagsbreytingu vegna virkjunar toppprýstings og skemmu til fjölnýtingar á jarðvarma svæðisins við Þeistareykjavirkjun.

Vísað er í tölvubréf frá Þingeyjarsveit sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 31. mars 2025. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á deiliskipulagi vegna virkjunar toppprýstings með uppsetningu vélar á lóð R-14 suður af núverandi skiljustöð á Þeistareykjum. Leggja þarf í jörðu vatnslagnir og rafstreng að stöðvarhússlóð og rafstrengi með Þeistareykjavegi að tengivirki Landsnets. Landsvirkjun óskar einnig eftir deiliskipulagsbreytingum til að reisa skemmu norðan við skiljustöð 1, innan orkuvinnslusvæðis og mannvirkjabeltis M-2. Flatarmál skemmu er að viðmiði 100 m² með 5 m lofthæð og er fyrirhuguð til fjölnýtingar á jarðvarma svæðisins. Þar er einnig gert ráð fyrir viðeigandi aðstöðu fyrir starfsfólk til athafna. Flatarmál lóðar fyrir þessa starfsemi er um 500 m².

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingar á deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar. Stofnunin skilaði inn umsögn um [matsskyldufyrirspurn](#) í maí 2024, þar sem fram kemur að stofnunin telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmda felist í breyttri ásýnd svæðisins vegna byggingar og fjölgun safnæða, en svæðið er nú þegar raskað vegna annarra framkvæmda og mannvirkja á svæðinu. Þetta á einnig við um fyrirhugaða nýbyggingu til fjölnýtingar á jarðvarma.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagsbreytingu.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur